

Ofbeldisvarnarnefnd

Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi

Á fundi borgarstjórnar þann 1. febrúar 2022 var lögð fram tillaga að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi, sbr. 3. lið fundargerðar ofbeldisvarnarnefndar frá 17. janúar 2022.

Borgarstjórn samþykkti erindið.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Aðgerðaáætlun gegn ofbeldi er afrakstur víðtæks samráðs og samtals á vettvangi ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkur. Áætlunin samanstendur af 55 aðgerðum og er sett fram til að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi og til að vera vegvísir í baráttunni gegn öllu ofbeldi. Stór hluti forvarna er fræðsla á öllum sviðum samfélagsins, beinar forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og þróun þjónustu við brotabola. Verkefnið Saman gegn ofbeldi hefur fest sig í sessi en hér er einnig ávarpað mikilvægi samstarfs við lögreglu í hverfum borgarinnar, aðgerðir gegn öfgahyggju, aðgerðir til að stuðla að öruggara skemmtanálfi og stuðning við fólk í vændi og fólk sem vill hætta í vændi. Afleiðingar ofbeldis eru alvarlegar fyrir samfélagið allt og metið er að kostnaðurinn við það sé um tveir milljarðar á ári hverju. Það er því til mikils að vinna að samfélagið allt taki höndum saman þegar kemur að því að draga úr ofbeldi til að stemma stigu við afleiðingum ofbeldis með fyrirbyggjandi aðgerðum, snemmtækum inngrípum og forvörnum.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Hlutverk hins opinbera er að aðlaga stofnanir samfélagsins að þeirri vá sem sem fólk stendur frammi fyrir, verja það gegn ógninni, styðja það og efla. Aðgerðir og úrræði verða að taka mið af því. Þar má t.a.m. nefna nauðsyn þess að húsnæði standi til boða fyrir brotabola heimilisofbeldis. Úrræði verða að vera aðgengileg og taka mið af þörfum þolenda og að samfella sé í þjónustuveitingu. Þá verður að skoða þá þjónustusamninga sem borgin gerir við ýmsa aðila og tryggja að nægt fjármagn sé sett í þau mikilvægu verkefni sem hér eru undir. Þjónustan verður að vera aðlöguð að ólíkum þörfum, þegar litið er til tungumáls þarf t.d. að fara lengra en að þýða efni og túlka og tryggja að starfsfólk með erlendan bakgrunn sem tali fjölbreytt tungumál, starfi í úrræðum sem standa til boða. Tryggja þarf að allt starfsfólk sem starfar innan borgarinnar og fyrir borgina fái fræðslu um ofbeldi og mismunandi birtingarmyndir hennar svo að hægt sé að bregðast við því.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar þessari aðgerðaáætlun. Hún hefur breyst frá því sem stóð í drögum en í þeim var t.d. ekki minnst á einelti. Úr því hefur aðeins verið bætt. Einelti er ofbeldi sem varðar, eins og annað ofbeldi, við lög. Það er mikilvægt að það sé ávarpað með ítarlegum hætti í aðgerðaáætlun Reykjavíkur gegn ofbeldi. Það er upplifun fulltrúa Flokks fólksins að einelti hafi orðið nokkuð undir í umræðunni um



Reykjavíkurborg

ofbeldi og aðgerðir gegn ofbeldi. Við það er ekki unað. Afleiðingar eineltis geta verið geigvænlegar og hafa eyðilagt líf fjölmargra, ungra sem eldri. Í aðgerðaáætluninni sem nú liggur fyrir eru þó nefndar tvær aðgerðir, aðgerð um fræðslu til starfsfólks borgarinnar um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi og aðgerð sem lýtur með reglubundnum hætti að því að allir skólar í borginni séu með eineltisáætlun sem þeir starfa eftir til að fyrirbyggja og uppræta einelti. Þess sé jafnframt gætt að nauðsynleg þekking sé til staðar með því að bjóða fræðslu um einelti og að upplýsingar um leiðir til að tilkynna um einelti séu aðgengilegar á vefsíðu, ásamt viðbragðsáætlun og upplýsingum um úrvinnsluferli. Jafnframt komi fram hverjir taki við ábendingum um einelti og hverjir sitji í eineltisteymum skólanna.

Helga Björk Laxdal
e.u.